



# FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.

## **Framkvæmdaleyfi fyrir Þorláksskóga á svæði norðan og vestan við Þorlákshöfn.**

Þorláksskógar eru samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Ölfuss, Landgræðslu ríkisins og Skógræktarinnar. Svæðið tekur yfir um 4620 ha á Hafnarsvæði og er innan lands Landgræðslu ríkisins og jarðarinnar Þorlákshöfn.

Samþykkt á grunni heimildar í skipulagslögum að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt til uppgræðslu.

Í 4. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi segir eftirfarandi: *Framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru ávallt háðar framkvæmdaleyfi. Í 5. gr. reglugerðarinnar segir einnig: Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og viðkomandi sveitarfélagi er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála leiki vafi á því hvort framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskyldar.*

Skýrsla er með verkefninu unnin af Verkfræðistofunni Eflu. fylgiskjal 1.

Í fylgiskjali 2 er umsögn Skipulagsstofnunar um að verkefnið skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í fylgiskjali 3 er gert grein fyrir vegaslóðum innan svæðisins, 3 m breiðum, til að flytja efni, áburð, trjáplöntur o. fl.

Verkefninu er áfangaskipt í fjóra áfanga og nær verkefnið yfir 20 ár.

Kynning á gögnum með verkefninu er á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss, [www.olfus.is](http://www.olfus.is)

Samþykkt eru framlögð gögn.

### **Meðfylgjandi gögn:**

1. Þorláksskógar, landgræðslu- og skógræktarverkefni á Hafnarsandi. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu, dags 23.11.2017.
2. Þorláksskógar, landgræðslu- og skógræktarverkefni á Hafnarsandi, ákvörðun um matsskyldu, Skipulagsstofnun dags. 21.2.2018.
3. Yfirlitsmynd, Þorláksskógar, skipting svæða, staðsetning á vinnuslóða innan svæðisins.

Þorlákshöfn 6. júní 2018

---

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Framkvæmdaleyfið gefið út í samræmi við gögn sem fylgja með.